

Nefndasvið Alþingis  
Allsherjar- og menntamálanefnd  
Austurstræti 8-10  
150 Reykjavík

Akureyri, 5.09.2016  
1609008 IE

**Efni:** Umsögn um frv. til laga um námslán og námsstyrki, 794. mál, þskj. 1373.

Allsherjar- og menntamálanefnd hefur til umfjöllunar frumvarp til laga um námslán og námsstyrki, þskj. 1373, 794. mál. Jafnréttisstofa vill koma eftirfarandi athugasemdum og ábendingum við frumvarpið á framfæri.

Almennar athugasemdir:

Í 1. mgr. 1. gr. frumvarpsins segir að markmið laganna sé að tryggja þeim sem falla undir lögin tækifæri til náms án tillits til efnahags. Ljóst er því að hlutverk Lánasjóðs íslenskra námsmanna er að miklu leyti samfélagslegt. Í greinargerðinni með frumvarpinu segir nánar að samfélagslegt hlutverk sjóðsins sé ekki takmarkað við það heldur sé hann einnig tæki til að fjárfesta í menntuðu vinnuafli og alþjóðlegum tengslum þekkingarsamfélagsins. Jafnréttisstofa tekur undir mikilvægi samfélagslegs hlutverks sjóðsins.

Í frumvarpinu er lagt til að töluverðar breytingar verði gerðar á því hvernig endurgreiðslu lánanna verði háttað. Endurgreiðslur hefjist einu ári eftir námslok, í stað tveggja nú, námslánin verið almennt til 40 ára, verðtryggð jafngreiðslulán með mánaðarlegum endurgreiðslum. Lánin eiga einnig að bera vexti frá þeim degi þegar þau eru greidd út, en ekki frá námslokum, eins og er í núgildandi lögum.

Afnám tekjutengingar á endurgreiðslum, ásamt meiri vaxtabyrði, getur orðið ansi þungt fyrir marga, því langt háskólanám er því miður ekki endilega ávísun á góð laun í framtíðinni, eins og þekkt er. Væntanleg há greiðslubyrði getur því haft áhrif á námsval, þannig að fólk sem t.d. hefur hugsað sér að mennta sig á sviði fræðslu eða umönnunar hætti við að læra það sem hugurinn stendur til. Ef sú yrði reyndin þá uppfyllir það kerfi námslána og styrkja sem hér er lagt til ekki þau fyrirheit um að tryggja tækifæri til náms án tillits til efnahags.

Alþekkt er að náms- og starfsval hér á landi er mjög kynbundið. Konur eru t.d. í miklum meirihluta þeirra sem mennta sig á sviði umönnunar og heilsugæslu og kennslu. Því miður er það svo að svokallaðar „kvennastéttir“ eru almennt með laun í lægri kantinum. Einnig hefur enn ekki tekist að útrýma kynbundnum launamun. Breyting á endurgreiðslufyrirkomulagi getur því komið hlutfallslega verr við „kvennastéttir“ en stéttir en ýmsar aðrar.



## Jafnréttisstofa

Jafnréttisstofa gerir athugasemdir við það að ekki er að sjá í greinargerð með frumvarpinu að fram hafi farið greining á áhrifum þess á konur annars vegar og karla hins vegar. Slíkt er nauðsynlegt, sérstaklega í ljósi þess sem nefnt hefur verið hér með kynbundið náms- og starfsval og líkleg laun í framtíðinni. Kyngreindar upplýsingar þurfa að liggja til grundvallar til þess að hægt sé að koma í veg fyrir að lögin geti leitt til óbeinnar mismununar á grundvelli kyns, en óbein mismunun er skilgreind þannig í 2. gr. laga nr. 10/2008:

*Óbein mismunun: þegar að því er virðist hlutlaust skilyrði, viðmið eða ráðstöfun kæmi verr við einstaklinga af öðru kyninu borið saman við einstaklinga af hinu kyninu nema slíkt sé unnt að réttlæta á málefnalegan hátt með lögmætu markmið og aðferðirnar til að ná þessu markmið séu viðeigandi og nauðsynlegar.*

Jafnréttisstofa hvetur allsherjar- og menntamálanefnd til þess að láta fara fram kyngreiningu á væntanlegum áhrifum þeirra breytinga sem lagðar eru til með frumvarpinu.

Jafnréttisstofa fagnar því að farið sé að ræða það að hluti námsaðstoðar verði í formi styrkja. Jafnréttisstofa telur hins vegar að útfæra þurfi þann þátt betur, á þann veg að styrkir nýtist fyrst og fremst þeim sem þurfa á þeim að halda. Sem dæmi má nefna að fólk sem þarf að flytjast búferlum t.d. til Reykjavíkur, getur þurft að greiða mjög háa húsaleigu. Styrkir gætu t.d. komið þar á móti, fremur en að þau sem þurfa að leigja vegna búferlaflutninga (tímabundið kannski) neyðist til að taka hærri námslán en t.d. þau sem geta búið í foreldrahúsum, og eiga einnig rétt á styrkjum. Þetta þarf að skoða betur og Jafnréttisstofa hvetur til þess að styrkjakerfið verði útfært þannig að það verði notað til að jafna stöðu, m.a. með tilliti til búsetu.

### Um 21. gr.

Jafnréttisstofa minnir á að samkvæmt 15. gr. laga nr. 10/2008 á hlutfall kynjanna í nefndum, ráðum og stjórnnum á vegum hins opinbera að vera sem jafnast og ekki minna en 40%, séu fulltrúar fleiri en þrír. Jafnframt er tilnefningaraðila skylt að tilnefna bæði karl og konu og svo er það skipunaraðila að gæta þess að hlutfall kynja sé í samræmi við ákvæði 15. gr.

Jafnréttisstofa svarar fúslega spurningum og athugasemdum nefndarinnar, ef einhverjar eru.

Virðingarfyllst,

Ingibjörg Elíasdóttir

lögfræðingur